

Litli Skyggnir við Úthlíð

Skoðunarferð í sumarhús sem er í eigu SEM, þann 6. október sl.
Ferðamenn, Arnar Helgi Lárusson, Jóhann Rúnar Kristjánsson og Sveinn Björnsson.

Kannað var ástand á sumarhúsi, og ræddar voru hugmyndir um breytingar.



Aðkoma og aðgengi að húsinu er til fyrirmynadar, bílastæði er hellulagt.



Lagfæra þarf þakrennur og vidskeið
Vindskeið er brotin á annari hliðinni.



Yfirfara þarf
allar huðar,
Svalahurð
hefur verið
síkkuð og
frágangi er
ábótavant.
Hætt er við
músagangi.



Rífa mætti gamlan inntakkassa og
endurbyggja pallinn við hann og lengja.



Yfirfara þarf
alla glugga og
öll opnanleg
fög, huga þarf
að þétingum.



Vinna mætti klæðningu að utan og mála húsið að utan.



Smíða þarf setpall við heitan pott þannig að auðveldara sé að athafna sig við að komast í hann.



Yfirlfara þarf sólpall, lagfæra og bera mætti fúgavörn á hann.



Brotist var inn í húsið og á enn eftir að klára vinnu vegna þessa. Skipta þarf um nýtt gler vegna handvamar við ísetningu, glerið er sprungið.



Undirstöður eru stálbitar á súlum / símastaurum í jörð.




Húsið hallar all verulega og þarf því að tjakka húsið upp og rétta það af.
Besta lausnin er sú að grafa undan húsinu niður fyrir frost og steypa sökkla
undir stálbitana.



Salerni er nokkuð stórt hannað fyrir hjólastóla armstoðir eru við salerni.



Herbergin eru frekar lítil og henta illa fyrir hjólastóla sérstaklega rafmagnshjólastóla. Skemmdir eru á hurðakörmum eftir stóra stóla.



Sturtuaðstaða er ekki inni á salerninu, heldur er búið að útbúa sturtu í byko húsi úti við heitan pott. Vissulega er gott að hafa sturtu úti við pott en ekki æskilegt að það sé eina sturtan í húsinu.





Gluggar inni eru illa farnir og er viðhaldi glugga verulega ábótavant, slípa þarf upp alla glugga og lakka með hvíttuðu lakki.



Innréttung í eldhúsi er eiginlega engin Smíða mætti betri innréttingu með neðriskápum án sökkla.



Stofan lítur vel út, athuga mætti að skipta út gólfefni.



Hætta er á bruna á fæti við vask í eldhúsi, vaskur er heldur of djúpur.



Bakaraofn er laus í innréttingu, lítið mál er að draga hann út og fá hann í fangið, einnig mætti vera hliðaropnun á bakaraofni



Búið er að líma með límbandi skáphahliðar á innréttingu í kringum bakaraofninn, hætt er við að innréttning hryndi út á gólf. Ólíðandi vinnubrögð.

Niðurstöður eftir skoðun.

Komið er inn í þrönjan gang með stiga upp á svefnloft.

Tvö herbergi eru í húsinu þau eru frekar lítil og óhentug með tilliti til þeirra sem hugsanlega leigja bústaðinn, 80 cm breiðar hurðar eru inn í herbergin og er nánast ómögulegt fyrir þá sem eru í rafmagns hjólastólum að komast þar inn og athafna sig. Baðherbergið er stórt og eru armstoðir við salerni, engin sturta er á salerninu en búið er að setja upp sturtu í smáhýsi við heitan pott.

Jákvætt er að hafa sturtuaðstöðu við heitan pott en það er ekki æskilegt að það sé eina sturtan í húsinu.

Sumarbústaðurinn er illa farinn að innan og mætti taka þar vel til hendinni, slípa upp glugga og panil og jafnvel lakka með hvíttuðu lakki.

Sumarbústaðurinn myndi henta venjulegri fjölskyldu, og er það skynsamlegast í stöðunni að selja bústaðinn, og byggja nýjan sumarbústað og flytja hann á aðra lóð.

Huga þarf að góðum undirstöðum fyrir bústað og byggja nýjan bústað með algilda hönnun að leiðarjósi.

Tekið saman.

Sveinn Björnsson

Byggingafræðingur bfí.